

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Álfhelli 5-7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. janúar 2025 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Álfhelli 5-7. Breytingin felst í því að sameiginleg innkeyrsla lóðanna nr. 5 og 7 verði skipt upp í tvær aðskildar innkeyrslur með eyju á milli.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. janúar 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 3. febrúar 2025